

LISTIR

Ofurkona í ati

LEIKLIST

Hermóður og Háðvör
SELLÓFON

Höfundur og leikari: Björk Jakobsdóttir.
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir. Leikmynd: Guðrún Óyahals. Búningar: Þórey Björk Halldórsdóttir. Textilhönnun: Þórunn Eva Halldórsdóttir. Lýsing: Björn Kristjánsson. Hjúðmynd: Arndís Steinþórsdóttir. Hafnarjarðarleikhúsið 30. apríl.

ÞAÐ ER „súperkonu-syndrómið“ sem fær á baukinn í þessum nýja einleik eftir Björk Jakobsdóttur leik konu. Verkið kallast Sellófon og vísar titillinn til þess að hin örþreytta tveggja barna útvinnaði móðir, sem leikurinn fjallar um, ákveður að reyna að hressa upp á kynlífið með því að freista eiginmannsins innvafin í sellófon, samkvæmt ráði dömuþlaðanna.

Leikurinn tekur um klukkustund í sýningu og á þeim tíma fáum við inn-sýn í líf og hugsanir ungrar „nú tíma-konu“ sem þarf að standa sig á öllum vígstöðvum: á heimilinu, í vinnunni, í líkamsræktinni, í rúminu og ekki síst í augum annarra. Efniviður einleiksins er því tekinn beint upp úr íslenskum samtíma og ættu flestir, sem standa eða hafa staðið í sporum ungu konunnar, að geta samsamað sig þeim veruleika sem þarna er sýndur í einstaklega kómísku ljósi.

Umgjörð leiksins er einn dagur í lífi fjölskyldunnar og lýst er margskonar baráttu móðurinnar við börnin, leikskólakennarana, vinnufélagana, móður sína og aukakílóin – svo fátt eitt sé nefnt. Dagurinn byrjar illa því konan hefur sofði yfir sig því hún freistaðist til þess að horfa á „Survivor“ í sjónvarpinu kvöldið áður. Hún veitir fyrir sér hvort útvinnaði mæður ættu ekki góða vinningsmöguleika í Survivor; reynsla þeirra af þrautum hversdagslífsins ætti að geta fleytt þeim langt!

Björk Jakobsdóttir á sannkallaðan stjórnuleik í hlutverkinu og sannar enn að hún hefur afbragðstök á gamanleik. Áhorfendur skemmtu sér konunglega og greimilega könnuðust margir við þá baráttu sem þarna var



Morgunblaðið/Jim Smart
„Björk Jakobsdóttir á stjórnuleik,“ segir í leikdómi.

lýst. Sterkur broddur er víða í texta Bjarkar og er spjótunum beint í ýmsar áttir en ekki síst gegn þeim áhrifum sem „jafnréttið“ hefur haft á líf nútímakvænna svo og gegn þeim kröfum um efnisleg gæði sem ungt fólk gerir í dag.

Þetta er hreint út sagt bráðskemmtilegur einleikur hjá Björk. Hugmyndin er bæði snjöll og tíma-bær og maður veitir því fyrir sér hvers vegna í ósköpunum enginn hefur dottið niður á hana fyrr. Kannski er nærtækasta skýringin að þær sem þekkja þann heim sem þarna er lýst hafi aldrei tíma til að setjast niður og semja um hann leikrit! Björk Jakobsdóttir getur verið stolt af þessu verki sínu og vonandi á hún eftir að rækta augljósa hæfileika sína til að skrifa meira fyrir leikhús í náinni framtíð.

Fríður hópur, með Ágústu Skúladóttur leikstjóra í broddi fylkingar, hefur aðstoðað Björk við að koma þessum einleik á svið og hefur vinna þessa hóps skilað sýningu sem er óhætt að hvetja alla til að sjá, ekki síst útvinnaði mæður (ef þær hafa tíma og orku – og geta fengið barna-pú).

Soffía Auður Birgisdóttir

Sýning í einn dag

STAÐIÐ verður í annað sinn að Opna galleríinu á morgun, laugardag.

Aðstandendur hafa fundið því tómt húsnæði í Þingholtsstræti 5 en þar var áður m.a. verslunin Spaks manns spjarir. Það verður í einn dag opið öllum starfandi myndlistarmönnum sem þar vilja sýna, sem og gestum og gangandi sem það vilja skoða. Fyrir mánuði tóku yfir 20 myndlistarmenn þátt og gestagangur var mikill. Fyrirkomulagið er einfalt: Myndlistarmenn mæta á staðinn með eitt verk eða litla seríu hver. Þátttaka er ókeypis. Mæting er kl. 13:00 og uppsetning fer fram á einni klukkustund.

Fyrstur kemur, fyrstur fær. Enginn skráir sig fyrirfram.

Hver listamaður sér um að setja upp og merkja sitt verk og kemur með verkfæri til þess, hamar og nagla, stöpla, sjónvarp og myndband, o.s.frv. Galleríið verður opið almennu kl. 14:00. Hver listamaður ber ábyrgð á sínu verki á meðan opið er og getur boðið til sölu ef vill, en afhendir það þá eftir lokun. Á boðstólum verður kaffi og með því. Galleríinu verður lokað kl. 18:00, listamenn taka niður verkin og ganga frá.

Opna galleríið er umgjörð um þá hugmynd að fá nýtt sjónarhorn á samtímamyndlist, þar sem hún verður hluti af óháðum og ófyrirsjáanlegum atburði, nátengdum hversdagslífi fólks. Það er starfrækt einhvers staðar á Laugavegi eða nágrenni fyrsta laugardag hvers mánaðar. Listamenn mæta með verk sín klukkustund fyrir opnun og setja í snatri upp sýningu sem hverfur í lok dags. Aðstandandi Opna gallerísins er félagið Viðhöfn, Laugavegi 25, sem hefur það að markmiði að sameina listamenn um að vekja athygli á íslenskrum samtímamyndlist.



Morgunblaðið/Golli

Frá sýningu Þorbjargar Pálsdóttur og Ásmundar Ásmundssonar.

Kynslóðabilið brúað

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

BLÖNDUÐ TÆKNI
ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON &
ÞORBJÖRG PÁLSDÓTTIR

Til 5. maí. Opið daglega frá kl. 10–17.

ÞAÐ er ekki ofsögum sagt að þeim Ásmundi Ásmundssyni og Þorbjörgu Pálsdóttur hafi tekist að brúa kynslóðabilið með sameiginlegri skipan sinni í miðrými Kjarvalsstaða, en þar sýna þau í tilefni af stórafmæli Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Í fyrsta sinn, að minnsta kosti frá því Þorbjörg tók þátt í útsýningum Myndhöggvarafélagsins á Skólavörðuholti, fyrir ríflega þrjátíu árum, fá höggmyndir hennar umgjörð sem hæfir þeim fullkomlega.

Þorbjörg er af þeim skóla sem mót-áður var á sjöunda áratugnum, öðru fremur af George Segal og Ed Kienholz. Þetta voru listamenn sem höfnuðu venjulegum efniviði, en tóku að beina sjónum að mannverunni í umhverfi sínu. Þetta var upphafið af skipaninni eins og við þekkjum hana nú á dögum. Ef til vill hefur það háð Þorbjörgu að hún skuli ekki hafa búið styttnum sínum tilbúið umhverfi eins og áður nefndir listamenn gerðu svo eftirminnilega. Fyrir vikið hafa styttnur hennar að ósekju oft verið eilítið einmana og áttalausar.

Með hvatvísi sinni og beinskeyttri tjáningarþörf tekst Ásmundi að búa til umhverfi þar sem styttnur Þorbjargar eru eins og heima hjá sér. Ás-

mundur hefur fengið til liðs við sig fjörmikla listamenn, sem maka sig naktir litum – líkt og Hitt húsið hefði farið á námskeið hjá Yves Klein – og nota sig svo sem pensla á dúka sem síðan eru settir upp á vegg, og látnir mynda skilrúm sem brýtur upp ganginn með óvæntum hætti.

Ólíkt Yves Klein, sem lét fönguleg módel sín stimpla sig á strigann – auðvitað með hinum eina sanna Kleinbláa lit – maka módel Ásmundar, af báðum kynjum, sig í mörgum litum svo úr verður moldbrún hræra eins og sú sem Donald Judd hermdi upp á þýska ný-expressjónista – Baselitz og Kiefer – til marks um að þeir kynnu ekki að fara með liti. Auk listamanna í myndbandinu skreytir Ásmundur veggina með nokkrum ljósmyndum í anda líkamsmálara á Netinu.

Að auki fylgja með oliutunnur fylltar steypu og litprentaðar xeroxmyndir sem poppa upp, og keyra fram ungvænlegan galsann í þessu tveggja manna tali Þorbjargar og Ásmundar. Útkoman er frábært samhengi umhverfis og höggmynda sem valda vissu saknaðarskoti eftir þeim árum þegar ólgandi Fluxus-menningin rann saman við poppæðið og litaði myndlistina galdri líkt og henni væru allir vegir færir. Þetta er einhver hressilegasta sýning sem lengi hefur sést á gangi Kjarvalsstaða og er vissulega til marks um ágæti þeirra Þorbjargar og Ásmundar og einstaklega farsælt samstarf þeirra.

Halldór Björn Runólfsson

Sjávarútvegur

„Gert út frá Brussel? – Íslenskur sjávarútvegur og Evrópusambandið? Sjávarútvegsstefna ESB rannsökuð út frá hugsanlegri aðild Íslands að sambandinu“ er eftir **Úlfar B. Hauksson**.

Viðfangsefni þessarar bókar eru hugsuð sem innlegg í umræðuna um kosti og galla hugsanlegrar aðildar Íslands að ESB. Farið er ofan í saumana á þeirri grundvallarspurningu hvort, og þá hvernig, Íslendingar gætu tryggt hagsmunu sína í sjávar-

útvegi í aðildarviðræðum við ESB.

Bókin er í tveimur nokkuð sjálfstæðum hlutum. Í fyrri hlutanum er umræðan bundin við sjávarútvegsstefnu ESB. Skýrt er frá upphafi og uppbyggingu stefnunnar og hvernig hún hefur þróast í gegnum tíðina. Seinni hlutinn fjallar um aðildarsamning Norðmanna frá árinu 1994 og hvernig norsk stjórnvöld beittu sér í aðildarviðræðunum. Hugsanleg staða Íslands innan sjávarútvegsstefnunnar er síðan metin út frá uppbyggingu og þróun sjávarútvegsstefnunnar og út frá reynslu Norðmanna í aðildarviðræðum.

Úlfar Hauksson lauk MA-prófi í evrópskum stjórnsýslufræðum (European Master of Public Administration) frá Kapólska háskólanum í Leuven í Belgíu árið 2000. Úlfar hefur stundað ýmis störf bæði til sjós og lands og er nú stundakennari við stjórnmalfræðiskor Háskóla Íslands.

Útgefandi er Háskólaútgáfan. Bókin er 196 bls. kilja. Verð: 2.690 kr.

Salurinn

TÍBRÁ RÖÐ 2
Einleikstónleikar

5. maí 2002 kl. 20.00
Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs

Erling B. Bengtsson

Paul Hindemith
Sónata op. 25 nr. 3

Jean Sibelius
Stef með tilbrigðum

Johann Sebastian Bach
Svíta nr. 3 í C dúr

Zoltán Kodály
Sónata op. 8

Miðasala er hafin í síma 5 700 400
opið virka daga kl. 13-18 og frá kl. 18 sunnudag 5. maí

MOGGABÚÐIN

Geisladiskahústur
aðeins 500 kr.

NETVERSLUN Á **mbl.is**



KRAKKADAGAR
Í SMÁRALIND

ÚRVAL AF HJÓLUM, ÖLL Á AFSLÆTTI Á KRAKKADÖGUM.

byggto**g**buíð
Smáralind Kringlanni